


# Hvað er á seyði um helgina?



**ARBÆJARPRESTAKALL:** Barna- og fjölskyldusamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10:30 árd. Altarisgönguathöfn fyrir fermingarbörn og vandamenn þeirra í safnaðarheimilinu sunnudagskvöld kl. hálfniú. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

**ÁSPRESTAKALL:** Messa að Norðurbrún 1 kl. 2. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

**BREIÐHOLTSPRESTAKALL:** Messa í Bústaðakirkju kl. 10:30 árd. Ferming og altarisganga. Organisti Daniel Jónsson. Sr. Lárus Halldórsson.

**BÚSTAÐAKIRKJA:** Guðsþjónusta kl. 2. Dr. Esra Pétursson flytur stólræðu og leiðir umræður eftir messu. Organleikari Guðni P. Guðmundsson. Sr. Ólafur Skúlason.

**DIGRANESPRESTAKALL:** Barnasamkoma kl. 11 í Safnaðarheimili við Bjarnhölastíg. Fermingarguðsþjónustur kl. 11 árd. og kl. 2 síðd. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

**DÓMKIRKJAN:** Kl. 11 og kl. 2 eru fermingarmessur og altarisgöngur úr Fella- og Hólásókn. Sr. Hreinn Hjartarson.

**ELLIHEIMILÍÐ GRUND:** Guðsþjónusta kl. 10 í umsjá sr. Árna Bergs Sigurbjörnssonar.

**FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL:** Laugard.: Barnasamkoma í Hólarekkuskóla kl. 2. Sunnud.: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11 árd. Ferming og altarisganga í Dómkirkjunni kl. 11 f.h. og kl. 2 e.h. Sr. Hreinn Hjartarson.

**GRENSÁSKIRKJA:** Guðsþjónusta kl. 2. Organleikari Jón G. Þórarinnsson. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20:30. Sr. Halldór S. Gröndal. Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Ferming. Sóknarprestur. Þriðjud. 28. apríl: Fyrirbænauguðsþjónusta kl. 10:30. Beðið fyrir sjúkum. Kirkjuskóli barnanna er á laugardag kl. 2 í gömlu kirkjunni.

**LANDSPÍTALINN:** Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

**HÁTEIGSKIRKJA:** Barnaguðsþjónusta kl. 11 árd. Sr. Arngímur Jónsson. Guðsþjónusta kl. 2. Sr. Tómas Sveinsson.

**KÁRSNESPRESTAKALL:** Barnasamkoma í Kársneskóla kl. 11 árd. Sr. Árni Pálsson.

**LANGHOLTSKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 11. Söngur, sögur, myndir. Verið velkomin. Guðsþjónustan kl. 2 fellur niður. Sóknarnefndin.

**LAUGARNESPRESTAKALL:** Laugard. 25. apríl: Guðsþjónusta að Hátúni 10b, níundu hæð kl. 11 árd. Sunnud. 26. apríl: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 14. Þriðjud. 28. apríl. Bænauguðsþjónusta kl. 18. Sóknarprestur.

**NESKIRKJA:** Barnasamkoma kl. 10:30. Guðsþjónusta kl. 2. Gísli Helgason leikur á flautu. Kirkjukaffi. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

**SELJASÓKN:** Barnaguðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 10:30. Barnaguðsþjónusta í Ölduselskóla kl. 10:30. Guðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 2. Sóknarprestur.

**SELTJARNARNESÓKN:** Barnasamkoma kl. 11 árd. í Félagshölinni. Sr. Frank M. Halldórsson.

**FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK:** Messa kl. 2. Organleikari Sigurbjörnsson. Prestur dr. Einar Sigurbjörnsson prófessor.

## Sýning helgarinnar:

# PÚLIÐ MÁ ALLS EKKI SJÁST

### segir Eiríkur Smith sem opnaði sýningu að Kjarvalsstöðum á sumardaginn fyrsta

Það var ekki á Eiríki Smith listmálara að sjá að hann væri í þann mund að ganga í gegnum hinn mikla hreinsunareld myndlistarmanna, einkasýninguna, og það sína fyrstu í fimm ár. Hann hringaði sig makindalega í stól á kaffistofu Kjarvalsstaða, saug pipustert og sleikti sólskinið. Þó voru ekki nema tveir dagar til stefnu og enn var eftir að mála vegg í sýningar salnum. Í ofanálag viðurkenndi Eiríkur að hann vissi ekki hve margar myndir yrðu til sýnis, það yrði upphengingin að skera úr um. "En sumardaginn fyrsta (í gær) átti að opna hvað sem tautaði og raulaði.

En þótt Eiríkur Smith mundi örugglega teljast meðal hinna flegmatísku í lífinu þá hefur hann alla tíð unnið af mikilli seiglu og stefnufestu, er í sífelldri sókn í þeirri gerð málverks sem hann hefur komið sér

niður á. En hefur hann engar áhyggjur af sýningum?  
**Engan skjálfta yfir sýningum**  
„Veistu það,” segir Eiríkur og virðist eiginlega undrandi á sjálfum sér, „ég hef eiginlega aldrei verið með skjálfta yfir sýningarstússi, svo lengi sem ég man eftir mér í þessum bransa. Og nú er ég líka kominn yfir það að hafa áhyggjur af gagnrýni. Það er dálítið merkilegur áfangi.”

Um stund er listamaðurinn hulinn reykskýi.

„Það þýðir ekki að ég sé ekki glaður ef einhverjir kunna að meta það sem ég er að gera. Hins vegar hafa menn fullt leyfi til að láta sér mislíka mín handverk. Það er alveg þeirra máli og angrar mig ekki. Ætli þetta mundi ekki flokkast undir sjálfs traust? Jú, auðvitað er ég sáttur við

það sem ég er að gera þótt ég sé aldrei fullkomlega ánægður með neina mynd. Samt held ég öllum undan-komuleiðum opnum. Ég vil ekki sitja blýfastur og heilabveginn á sömu hillunni, eins og í afstraktinu hér í gamla daga.”

### Landslagið kallaði

Eiríkur dæsir og hristir höfuðið. „Drottinn minn dýri, það var nú ljóta ástandið á manni. Þegar ég söðlaði um, úr afstrakti yfir í einhvers konar raunsæi, þá fann ég að ég var búinn að missa alla tilfinningu fyrir dýpt í málverki. Þó vil ég ekki áfellastraktið eins og það leggur sig. Ég gæti veit trúað að margar myndir mínar í þeim dúr standi enn fyrir sínu. En menn verða að vinna að því heilshugar. Landslagið kallaði alltaf á mig og það kemur líka fram í afstraktverkunum.”

Við minnum listamanninn á velgengni hans undanfarin ár og þá staðreynd að margar sýningar hans hafa næstum því selst upp.

„Jú, auðvitað er ég ánægður. Síðastliðin tíu ár eða svo hef ég getað lifað alveg á málverkinu. Upphaflega lærði ég prentið þar sem ég hélt að listamenn yrðu alltaf að vinna fyrir sér með öðrum hætti en með listinni.”

### Létt og leikandi

Vatnslitamyndir Eiríks hafa átt sérstökum vinsældum að fagna og það er eins og léttleiki þeirra og fingerör tónar hafi haft áhrif á olumálverk listamannsins.

„Jahá,” segir hann og klórar sér í kollinum. „Það er sennilega talsvert til í þessu. Áður var maður með það á heilanum að hlaða nógu andskoti miklum lit á strigann. Nú finnst mér



Eiríkur Smith — „Held öllum undan-komuleiðum opnum.”

að myndir eigi helst að vera léttar og leikandi í útliti þótt þær hafi kannski kostað mikið púl. Púlið má alls ekki sjást. Þetta þýðir alls ekki að inntakið þurfi að vera léttvægt.”

Eiríkur og nokkrir aðrir listmálara úr Hafnarfirði eru gjarnan spyrtil saman undir samheitinu „Hafnarfjarðarraunsæið”. Finnst honum þetta réttmætt?

„Þetta eru nú ýkjur. Ég lít t. d. alls ekki á sjálfan mig sem harðan raunsæismálara. Ég hef nefnilega gaman af vissum tvískinnungi, að tefla saman raunsæinu og einhverjum annarlegum fyrirbærum, svona til að stinga á öllu saman. Ætli þetta sé dulið vantraust á raunsæið? Það skyldi þó aldrei vera.”

Og Eiríki Smith er skemmt yfir þeim möguleika. **-AI.**



Ein stór og mikil mynd, tákrunar fyrir hinn nýja stíl Eiríks. (DB-myndir Sig. Þorri).


## Listasöfn Sýningar

**GALLERÍ LANGBRÓK,** Amtmannsstíg 1: Edda Jónsdóttir, ný grafík og teikningar. Opnar laugardag. Opíó 12—18 alla daga.


**ÁSGRÍMSSAFN,** Bergstaðastræti 74: Ný sýning á verkum Ásgríms. Opíó fimmtud., laugard. og þriðjud. kl. 13:30—16.

**GALLERÍ KIRKJUMUNIR;** Kirkjustræti 10: Sigrún Jónsdóttir, batik, kirkjumunir o.fl. Opíó 9—18 virka daga, 9—16 um helgar.

**HÖGMYNDASAFN Ásmundar Sveinssonar:** Opíó þriðjud., fimmtud., laugard. og sunnud. kl. 13:30—16.



Eiríkur Smith listmálari er víðkunur fyrir myndir sínar. Sýning hans stendur nú yfir að Kjarvalsstöðum.



Unnur myndlistarmáður, Ásgeir Einarsson, heldur sína fyrstu sýningu í Djápinu þessa dagana.

**DJÚPIÐ,** Hafnarstræti (Horníð): Ásgeir Einarsson, málverk og teikningar. Opíó 11—23:30 alla daga.

**GALLERÍ SUDURGATA 7:** Kanal 2, danskir myndlistarmenn. Opnar laugardag. Opíó 16—20 virka daga, 14—20 um helgar.

**LISTMUNAHÚSIÐ,** Lækjargötu 2: Engin sýning um helgina.

**ARBÆJARSAFN:** Opíó samkv. umtali. Sími 84412 frá 9—10 alla virka daga.

**ÞJÓÐMINJASAFNÍÐ v. Suðurgötu:** Opíó þriðjud.,



Einar Þorláksson opnar sýningu í kjallara Norræna hússins á laugardaginn. Hér er eitt af eldri málverkum Einaris.


fimmtud. laugard. og sunnud. kl. 13:30—16. Boga-salur: Sigurbjörn Þorsteinsson gullsmíður. Opíó apríl-sept. á sama tíma og safnið.

**TORFAN,** veitingahús: Messiana Tómasdóttir, leikmyndir.

**GALLERÍ GUÐMUNDAR;** Bergstaðastræti 15: Kristján Guðmundsson, ný málverk. Weissauer, ný grafík. Opíó 14—18 alla virka daga.

**MOKKA-KAFFI,** Skólavörðustíg: Gunnlaugur Johnsson, teikningar. Opíó 9—23:30, alla daga.

**LISTASAFN Einaris Jónssonar,** Skólavörðuholti: Opíó miðvikud. og laugard. kl. 13:30—16.



Sýning Textilléagsins í Listasafni alþjóða hefur vakíó mikla athygli. Hér er einn sýnenda, Steinunn Pálsdóttir, ásamt einu verki.

**NORRÆNA HÚSIÐ:** Einar Þorláksson, málverk. Opnar laugardag kl. 15. Opín 14—22 alla daga.

**STÚDÍÓ 5,** Skólustræti: Ingi Hrafn, teikningar og skúlptúrar. Opíó virka daga kl. 16—22, 14—22 um helgar. Lýkur 26. apríl.



SIGRÚN JÓNSDÓTTIR

**LISTASAFN Íslands:** Málverk, teikningar, skúlptúr og grafík eftir innlenda og erlenda listamenn. Anddyrt: Grafíkgráfr til Listasafnsins.

**LISTASAFN alþjóða,** Grensásvégi 16: Textilléagið, félagssýning. Opín 14—22 alla daga til 26. apríl.

**KJARVALSSTAÐIR:** Vestursalur: Myndlist norræna kvenna. Lýkur 26. apríl. Austursalur: Eiríkur Smith, ný málverk. Opnaði fyrsta sumardag. Opíó 14—22 alla daga (Sjá viðtal).

**ÁSMUNDARSALUR v. Freyjögötu:** Sýning á kúbönskum ljósmyndum, plakötum o.fl. Opíó 16—22.

**KRISTJAN SIGGEIRSSON,** verzlun, Laugavegi 13: Sigrún Gísladóttir, klippimyndir. Opíó á venjul. verzlunartíma til 25. apríl.

**STUDENTAKJALLARINN v. Hringbraut:** Ingibjörg V. Friðbjörnsdóttir, vatnslitamyndir og olumálverk. Opín alla daga kl. 11—23:30. Lýkur 30. apríl.

**NYLISTARSAFNÍÐ,** Vatnsstíg 3b: Birgir Andrés-son, ný verk. Opíó 20—22 virka daga, 14—20 um helgar. Lýkur 2. maí.

**FRÍKIRKJUVEGUR 11:** Ketill Larsen, stef frá öðrum helmi. Lýkur 25. apríl. Opíó 14—22 alla daga.

**EDEN, Hveragerði:** Magnús Guðnason, olumálverk.



EDDA JÓNSDÓTTIR SÝNING Á ÍSAFRÖÐ Í NÓVEMBER 1979.

Edda Jónsdóttir opnar sýningu í Gallerí Langbrók á laugardag.



### Edda opnar sýningu

Um helgina opnar Edda Jónsdóttir litla sýningu í Gallerí Langbrók við Amtmannsstíg í Reykjavík. Sýningin samanstendur af collage myndum og klippir og fléttuáfrí grafík.

Edda stundaði nám við báða myndlistarskólana í Reykjavík og Ríkisskóluna í Amsterdam. Hún hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum sýningum víða um heim.

Sýningin verður opin virka daga frá kl. 12—18 og um helgar frá kl. 14—18. Sýningunni lýkur 11. maí.

## Fyrirlestrar

### Háskólafrílestrar

Heimir Áskelsson, dósent í ensku, flytur opinberan fyrirlestur á vegum heimspékkideildar Háskóla Íslands laugardaginn 25. apríl 1981 kl. 15:00 í stofu 101 í Lögbergi.

Fyrirlesturinn nefnist „Um ensk-Íslenska orðabók” og er hinn síðasti af fjórum fyrirlesturum sem kennarar heimspékkideildar flytja nú á vormisseri um rannsóknir og fræði í deildinni.

Öllum er heimill aðgangur.

### Málþing

Félag sálfræðinema við Háskóla Íslands heldur málþing laugardaginn 25. apríl kl. 14:15 Norræna húsinu.

Umraeðefni þingsins verður Sjúkdómsþugtakíð: Merking þess, notkun og takmarkanir í geðlæknis- og sálfræði. Frummælendur eru dr. Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, Jakob Jónsson geðlæknir, Oddur Bjarnason læknir, dr. Páll Skúlason prófessor og Sigurbjörn Björnsson prófessor.

Að loknum erindum verða frjálssar umræður.